

Ed.

417. Frumvarp til laga

[200. mál]

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 90/1975 og lög nr. 3/1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 16. gr. laga nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. 1. gr. laga nr. 90/1975 og 1. gr. laga nr. 3/1976, um breyting á þeim lögum, breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 1. apríl 1976.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að frestur sá, sem Kjaradómur hefur nú til að kveða upp dóm í yfirstandandi kjaradeilu BSRB og fjármálaráðherra verði framlengdur til 1. apríl n. k. Áður hafði frestur í kjaradeilu þessari tvisvar verið framlengdir með sérstökum lögum (sbr. l. nr. 90/1975 og nr. 3/1976) og hafa þá báðir aðilar verið sammála um að leita eftir slíkum frestum.

Enn hefur ekki náðst samkomulag í áðurnefndri deilu. BSRB hefur óskað þess, að nýr frestur yrði veittur til að reyna að ná samkomulagi og hefur ríkisstjórnin fallist á að gera þá tilraun.